Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um breytingu á takmörkum Munkaþverárklaustursumboðs og Norðursýslu- og Reykjadalsjarða umboðs.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 23. júní þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, lagt það til, að þjóðjörðin Uppibær í Flatey, sem nú heyrir undir Munkaþverárklaustursumboð verði um næstkomandi áramót lögð undir Norðursýslu- og Reykjadalsjarða umboð, en umboðsmaður þessa umboðs hefur á hendi umboðsmennsku yfir hinum $^3/_4$ pörtum eyjarinnar Flatey. Hafið þjer jafnframt skýrt frá, að báðir umboðsmenn þeir, er í hlut eiga, láti sjer lynda breytingu þá á umboðum þeirra, sem hjer er um að ræða, og að umboðsmaður $^3/_4$ Flateyjar, Jón Sigurðsson á Gautlöndum, hafi lýst því yfir, að hann vildi taka Uppibæ að sjer til umsjónar án sjerstakrar úttektar með því skilyrði, sem umboðsmaður Munkaþverárklausturs hefur fullnægt, sem sje, að sannað yrði að jörðin hafi verið afhent núverandi leiguliða með lögmætri úttektargjörð. 85 31. ágúst.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, að jeg hjermeð skipa svo fyrir, að þjóðjörðin Uppibær í Flatey skuli frá 1. janúar 1889 lögð undir Norðursýslu- og Reykjadalsjarða umboð.

Amtsráðsfundaskýrslur. 86

Aðalfundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu 28. og 29. júní 1888.

Ár 1888, 28. dag júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmanni J. Havsteen, með amtsráðsmönnunum Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benedikt umboðsmanni Blöndal í Hvammi.

Mál þau, sem til umræðu komu á fundinum, voru þessi:

1. Var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1889.

Tekjur.

1.	Áætlaðar eptirstöðvar 1888	1000 kr.
2.	Jafnaðarsjóðsgjald	2500 —
		3500 —

Gjöld:

1.	Amtsráðið	350 kr.
2.	Til sáttamála	150 —
3.	— heilbrigðismála	300 —
4.	— menntamála	1000 —
	(Hjer af til amtsbókasafnsins 200 kr.).	
5.	Til heyrnar- og málleysingja	750 —
6.	Önnur afborgun og leigur af láninu til Skjálfandafljótsbrúarinnar . .	400 —
7.	Kostnaður við notkun fangahúsanna á Akureyri og Eskifirði . . .	200 —
8.	Óviss útgjöld	350 —
		3500 kr.

2. Forseti framlagði skýrslur um fundarhald stjórnarnefndar búnaðarskólans á Hólum 10. og 11. júní, 8. júlí. 1. nóvbr. f. á. og 26. marz þ. á., sem amtsráðið yfirfór, og ennfremur prentaða skólaskýrslu fyrir kennsluárið 1886—87.

20. dag septembermán. 1888.

Reykjavík 1888. Prentsmiðja Ísafoldar.